

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 196/2012

2013/EES/6/06

frá 26. október 2012

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/11/ESB frá 7. janúar 2010 um öryggiskröfur sem uppfylla þarf með Evrópustöðlum um barnheldan læsibúnað fyrir glugga og svalahurðir, sem neytandi setur upp, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/376/ESB frá 2. júlí 2010 um öryggiskröfur sem uppfylla þarf með Evrópustöðlum um tiltekna vörur í svefnumhverfi barna samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/48/ESB frá 26. janúar 2012 um framlengingu á gildistíma ákvörðunar 2009/251/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin sjái til þess að vörur, sem innihalda sæfiefnið dímetýlfúmarat, séu ekki settar á markað eða boðnar fram þar <sup>(3)</sup>.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 3n (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/251/EB):  
„– **32012 D 0048:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/48/ESB frá 26. janúar 2012 (Stjtið. ESB L 26, 28.1.2012, bls. 35).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 3n (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/251/EB):  
„3o. **32010 D 0011:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/11/ESB frá 7. janúar 2010 um öryggiskröfur sem uppfylla þarf með Evrópustöðlum um barnheldan læsibúnað fyrir glugga og svalahurðir, sem neytandi setur upp, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB (Stjtið. ESB L 4, 8.1.2010, bls. 91).
- 3p. **32010 D 0376:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/376/ESB frá 2. júlí 2010 um öryggiskröfur sem uppfylla þarf með Evrópustöðlum um tiltekna vörur í svefnumhverfi barna samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB (Stjtið. ESB L 170, 6.7.2010, bls. 39).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2010/11/ESB, 2010/376/ESB og 2012/48/ESB, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 4, 8.1.2010, bls. 91.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 170, 6.7.2010, bls. 39.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 26, 28.1.2012, bls. 35.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Atle Leikvoll***

formaður.